

Sp. 444. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]
um lagningu Vesturlandsvegar í Kollafjarðarbotn.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota lántökuheimild í III. kafla gildandi vegáætlunar til þess að endurbyggja á næsta sumri þann hluta Vesturlandsvegar, er liggur upp frá Reykjavík í Kollafjarðarbotn.

Greinargerð.

Sá hluti Vesturlandsvegar, sem hér er lagt til að endurbyggður verði sem fyrsti áfangi, er fjölfarnasti þjóðvegur landsins.

Öll umferð frá Reykjavíkursvæðinu til Vestur-, Norður- og Austurlands, svo og til Þingvalla, fer um þennan veg. Auk þess er mestallt byggingarefni, mól og sandur, sem notað er á höfuðborgarsvæðinu, flutt eftir honum á stórum og þungum bifreiðum, er bókstaflega spæla upp veginn í rigningum og vorleysingum. Álagið á þessum hluta vegarins er því allt of mikið, eins og ástand hans nú sýnir mætavel.

Vegarstæði Vesturlandsvegar er ákveðið fyrir nokkru, og í vegáætlun fyrir árin 1965—1968 eru þessar lántökuheimildir, sem að engu leyti hafa verið notaðar enn þá:

Árið 1966	25.8 millj. kr.
— 1967	24.3 — —
— 1968	12.4 — —

Með flutningi tillögu þessarar á að freista þess að kanna, hvort þingmeirihluti sé ekki fyrir hendi til stuðnings við hana. Engan veginn verður talið, að það sé sér-mál þeirra, er í Kjósarsýslu húa, hvort vegur þessi verði strax endurbyggður. Vænti ég því viðtæks stuðnings við tillöguna.